

Alþingi
Erindi nr. P 143/726
komudagur 19.12.2013

Seltjarnarnesi, 19. desember 2013.

Þingskjal 105 – 102. mál.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness lýsir ánægju sinni með fram komna þingsályktunartillögu.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness telur löngu tímabært að draga úr notkun plastumbúða.

Seltjarnarnesbær hefur hefur stigið skref í átt að því að draga úr notkun plastpoka með því að dreifa

fjölnota innkaupapokum ókeypis á öll heimili í bænum. Kaupmenn í bænum hafa einnig verið hvattir

til að draga úr notkun plastumbúða með ágætis árangri.

Með kveðju,

Margrét Pálsdóttir,

formaður umhverfisnefndar Seltjarnarness.

Innkaupapokar.

Umhverfisnefnd sendi margnota innkaupapoka á öll heimili á Seltjarnarnesi fyrir sumardaginn fyrsta. Með þessu er umhverfisnefnd að hvetja bæjarbúa til að draga úr notkun á plastinnkaupapokum. Plast er ein mesta umhverfisváin í dag. Unnt er að festa kaup á margnota innkaupapokum í mörgum stórmörkuðum.



Hundabann á varptíma.



Frá og með 1. maí til 15. júlí er óheimilt með öllu að hafa hunda og ketti í námunda við varpstaði fugla.

Öllum eigendum skráðra hunda á Seltjarnarnesi hefur verið sent bréf vegna þessa. Einnig hafa verið birtar auglýsingar í Nesfréttum, Vesturbæjarblaðinu og Reykjavíkurblaðinu.

Í seinni tíð hefur katta- og hundaeign bæjarbúa aukist verulega. Því er mikilvægt sem aldrei fyrr að eigendur dýranna virði þær reglur sem settar hafa verið til verndar umhverfi og fuglavarpi. **Lausaganga hunda er alltaf óheimil á Seltjarnarnesi**, en ekki er svo vel að allir hundaeigendur virði það bann. Töluvert er kvartað yfir óþrifnaði vegna hunda og ekki síður er kvartað vegna ágangs katta í gördum. Fuglar hverfa úr gördum þar sem kettir eru. Því eru katta eigendur hvattir til að setja á þá bjöllu. Því miður horfum við upp á ketti veiða litlu andarungana í fjöruborðinu á vorin. Einnig á veturna þegar bæjarbúar eru að gefa fuglum. Þær raddir gerst háværi hin síðari ár að setja beri skýrari reglur um lausagöngu katta.

Margir hafa ofnæmi fyrir gæludýrum, sérstaklega köttum. Ofnæmisvaldar frá gæludýrum fylgja próteini í húðflögum þeirra, munnvatni, þvagi og saur. Um er að ræða smáar agnir sem þyrlast auðveldlega upp. Áreitið er mest á dvalarstað dýranna, en rannsóknirnar sýna að ofnæmisvaldarnir berast auðveldlega um, t.d. með fólki, á staði þar sem gæludýr hafa aldrei komið.

Í bréfi til umhverfisnefndar í nóvember 2011 segir Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar „Reglur um hunda á Seltjarnarnesi eru síst of harðar að mínu viti, þar er hagur fuglanna hafður að leiðarljósi. Það á ekki að rýmka reglur, miklu frekar að fylgja betur eftir þeim reglum sem gilda. Uppfræða þarf hundaeigendur um skaða þann og truflun sem hundar geta valdið meðal fuglanna. Ég hef hvað eftir annað orðið var við fólk með lausa hunda, bæði heimamenn en ekki síður fólk sem kemur langar leiðir og sleppir hundum án þess að hafa taumhald á þeim. Þessir hundar vaða jafnvel í fugla við Bakkatjörn, leika sér frjálssir á Kotagrandi og fæla fugla. Hundar þurfa að fá að hlaupa aðeins og hreyfa sig og teygja, en það þarf að gerast á stöðum sem henta til slíks. Hundaeign er vaxandi og einkum þó ásókn fólks að viðra hundana á Nesinu. Ef slakað yrði á klónni yrði fljótt ófremdarástand.“

F.h. umhverfisnefndar,

Margrét Pálsdóttir, formaður.

Drögum úr notkun burðarpoka úr plasti

Áætlað er að Íslendingar noti allt að 50 milljón plastburðarpoka á ári.

Þessi mikla notkun plastpoka veldur miklum umhverfisáhrifum þar sem talsvert af plasti er hvorki endurunnið né fargað heldur berst til sjávar með regni, frárennsli og ám eða fýkur til hafs. Plastefni brotna niður í smærri einingar á mjög löngum tíma en eyðast jafnvel aldrei að fullu. Plast safnast því upp í umhverfinu og er til dæmis áætlað að í Miðjarðarhafi sé að finna um 250 milljarða fljótandi plastagna og 500 tonn af plasti. Plast hefur einnig safnast fyrir á ákveðnum svæðum í heimshöfunum fyrir tilstuðlan hafstrauma og hafa þar myndast stórir flekkir eða eyjar úr ýmiss konar plasti sem stækka stöðugt. Stærsta svæðið er í Kyrrahafi en sams konar svæði hefur meðal annars fundist í Þanghafinu sem er hluti af Atlantshafi. Plastið hefur mikil áhrif á lífríki því árlega drepst mikill fjöldi sjófugla og sjávarspendýra eftir að hafa étið plast auk þess sem dýr geta flækst í plastinu og jafnvel kafnað. Þá geta ýmis mengandi efni lodað við plastagnirnar, s.s. þrávirk lífræn efni.

Til að berjast gegn óhóflegri notkun plastpoka hafa yfirvöld farið mismunandi leiðir. Borgarstjórn Los Angeles-borgar í Bandaríkjunum hefur t.d. ákveðið að banna alfarið notkun plastpoka í verslunum. Miðað er við að innan árs verði allar verslanir í Los Angeles búnar að skipta út plastpokum fyrir umhverfisvænni bréfpoka. Hér á Íslandi hefur hingað til verið látið nægja að innheimta gjald fyrir plastpokana til að hvetja fólk til að íhuga að nota aðrar tegundir burðarpoka. Taupokar ættu ekki að vera lengi að borga sig upp þegar plastpokarnir kosta allt að þrjátíu krónur.


Til fróðleiks fylgir svo að lokum listi yfir hversu lengi nokkrir hlutir eru að brotna niður í umhverfinu. Höfum í huga að ruslið hverfur ekki af sjálfu sér þó það sé komið ofan í ruslafötuna. Plastflaska sem einhver hendir frá sér á árinu 2012 verður til dæmis að líkindum ennþá að brotna niður árið 2312!

1. Glerflaska - þúsundir ára
2. Plastflaska - aldir
3. Áldós - margir áratugir
4. Filter af sígarettum - nokkur ár
5. Mjólkurferna - nokkrir mánuðir
6. Bananahýði – nokkrar vikur

Ýmsar heimildir.

F.h. umhverfisnefndar,

Margrét Pálsdóttir, formaður



MED VIÐURKENNINGARSKJALIÐ Birgir ásamt dóttur sinni Kristínu Thelmu sem vinnur í fiskbúðinni með foreldrum sínum.

Pakka fiskinum í umhverfisvænar umbúðir

Fisksalarnir í Vegamótum á Seltjarnarnesi eru hættir að pakka fiskinum í frauðplastbakka og nota þess í stað vaxborinn pappír. Þeir fengu umhverfisviðurkenningu frá bænum.

„Við erum bara að svara kalli samtímans um umhverfisvernd. Þess vegna höfum við tekið upp þann sið að pakka fiskinum í vaxborinn pappír eins og gert var fyrrum,“ segir Birgir Asgeirsson, fisksali á Vegamótum á Seltjarnarnesi. Spurður hvort hann rúlli fiskinum kannski inn í dagblöð líka, eins og algengt var á árum áður, svarar hann glaðlega. „Nei, við notum nú ekki Fréttablaðið utan um fiskinn heldur pappírspoka. En við eigum eftir að finna lausn á umbúðum fyrir fiskréttina sem eru í legi og sósum. Við hljótum að finna einhverjar góðar pappaðskjur.“

Birgir og kona hans, Guðbjörg

Ruth Kristjánsdóttir, þáðu á dögnum umhverfisviðurkenningu frá Seltjarnarnesbæ úr hendi Margrétar Pálsdóttur, formanns umhverfisnefndar Seltjarnarness, fyrir þetta framtak.

Margrét hafði, að eigin frumkvæði, gengið á milli fyrirtækja á Seltjarnarnesi og hvatt þau til að draga úr notkun plastumbúða og reyna að finna aðrar leiðir, en eins og kunnugt er er plast ein mesta umhverfisógnin sem blasir við heiminum í dag. Fisksalarnir brugðust hratt og fljótt við hvatningu hennar enda segir Birgir þau hjón leggja mikla áherslu á umhverfisvæn viðskipti. Það hafi síðan verið ákveð-

inn kaupauki að við breytinguna hafi plássíð í versluninni aukist til muna. „Frauðplastbakkarnir eru ekki einungis lengi að eyðast í umhverfinu, þeir eru líka mjög plássfrekir, sem getur komið sér illa í litlu verslunarrými,“ segir Birgir, sem telur kostnaðinn nánast vera þann sama af plastinu og pappírsumbúðunum.

Birgir vill bæta um betur á sviði umhverfisverndar og hvetur viðskiptavinum sína til að koma með eigin fót eða bakka sem hægt sé að afgreiða fiskinn beint ofan í. Hann hvetur líka aðra sem nota plast undir matvæli til að skipta því út fyrir pappír, það sé ekkert tiltökumál.

gun@frettabladid.is